

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Hellnahrauns, lóðir nr. 1, 3 og 3a við Íshellu.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 14. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Hellnahrauns, vegna lóðanna við Íshellu 1, 3 og 3a. Deiliskipulagsbreytingin felst í sameiningu lóðanna og fallið er frá þjónustustarfsemi á austurhluta lóðarinnar í skilmálum. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 5. desember 2017 til 16. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 23. febrúar 2018.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**